

FUNDARGERÐ

548. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 16. júní 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtöldu atriði yrði bætt á dagskrána:

- Erindi frá Margræti S. Jónsdóttur verður liður II- 11 á dagskránni.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna

Gerðir fundarins

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 176. rekstrarnefndar Hjallatúns frá 13. júní 2016

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Fundargerð 240. fundar skipulagsnefndar frá 14. júní 2016

1. Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012 – 2028 – Breytt landnotkun

Fyrir fundinum lá afgreiðsla skipulagsnefndar á aðalskipulagsbreytingunum og í fylgiskjali merkt I, viðbrögð nefndarinnar við þeim athugasemdum sem bárust.

Viðbrögð við athugasemdum

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Engar athugasemdir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Umhverfisstofnun

Athugasemdir bárust frá Umhverfisstofnun

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Umhverfisstofnun gerir athugasemd við veglínu þjóðvegjar eins og hún birtist í aðalskipulagi Mýrdalshrepps.
- Umhverfisstofnun metur það sem svo að hringtorg vestar, nefndur kostur B sé vænlegri staðsetning fyrir hringtorg. Það skerði aðgengi ferðamanna að fjöru minna og minnki aksturshraða fyrr.

Svar:

Nefndin telur ekki ástæðu til að bregðast við umsögn Umhverfisstofnunnar. Sú veglína sem gerð er athugasemd við er ekki að breytast innan viðkomandi tillögu. Nefndin telur að hringtorg sé betur farið til tengingar á þorpinu eins og það er staðsett á uppdrætti breytingartillögu.

Skipulagsstofnun

Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun í samræmi við bréf frá 20. apríl 2016.

Svar:

Athugasemdir Skipulagsstofnunnar voru auglýstar með skipulagstillögunni. Brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunnar þar sem það á við.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Vesturhluti Víkurþorps- deiliskipulag

Fyrir fundinum lá afgreiðsla skipulagsnefndar að deiliskipulagi vesturhluta Víkurþorps og í fylgiskjali merkt II, viðbrögð nefndarinnar við þeim athugasemdum sem bárust.

Viðbrögð við athugasemdum

Sunnubraut 27 – Rafsuð. Ingi Már Björnsson lýstir sig vanhæfan til að taka þátt í þessari afgreiðslu og viku af fundi. Sigurjón Eyjólfsson tekur sæti á fundinum í hans stað.

Athugasemdir bárust frá VERITAS lögmönnum fh. Rafsuð vegna deiliskipulags Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Á uppdrætti sem fylgir deiliskipulagi fyrir vesturhluta Víkurþorps er fasteignin Sunnubraut 27 merkt þannig að fyrirhugað sé að rífa bygginguna. Þessu er harðlega mótmælt og þess krafist að horfið verði frá þessum fyrirætlunum.
- Lóðin verði skipulögð þannig að þar megi fara fram sú starfsemi sem heimiluð er á verslunar – og þjónustusvæði og athafnasvæði.
- Lóðarréttindi haldist óbreytt.

Svar:

Nefndin leggur til að skipulagið verði óbreytt og húsið við Sunnubraut 27 sé víkjandi í skipulaginu. Ástæður þessar eru m.a. fáar byggingarlóðir sem eftir eru til úthlutunar á umræddu svæði og sú ákvörðun sem tekin er með skipulagsákvörðuninni að íbúðarbyggð verði samfelld við Sunnubraut og Mánabraut.

Þrátt fyrir þá ákvörðun sem fram kemur í deiliskipulagi vesturhluta Víkurþorps um að koma eigi fyrir 4 íbúðarhúsalóðum á svæði því sem tilheyrir hefur lóðinni Sunnubrautar 27 (Nýlandshúsi), lýsir sveitarstjórn því yfir að ekki verði úthlutað lóðum á því svæði meðan núverandi lóðaleigusamningur er í gildi. Sveitarstjórn lýsir vilja til að ræða við lóðarhafa um notkun lóðarinnar á þeim tíma sem eftir er af lóðarleigusamningi.

Samþykkt, Eva Dögg Þorsteinsdóttir situr hjá og óskar bókað: Ég tel mikilvægt að skoða þurfi málið betur í samráði við eigendur Rafsuðs.

IMB mætir aftur til fundarins og SE viku af fundi

Gísli Daníel Reynisson. Þráinn Sigurðsson lýstir sig vanhæfan til að taka þátt í þessari afgreiðslu og viku af fundi. Sigurjón Eyjólfsson tekur sæti á fundinum í hans stað.

Athugasemdir bárust frá lóðarhafa og húseiganda Víkurbrautar 21A

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Lóð merkt A1 í kynningu verði flutt um u.þ.b. 50 metra til norðurs og sett bak við Víkurbraut 42, þar sem sjónræn áhrif yrðu mjög lítil af henni. Framtíðarmöguleikar á einni húsálinu í viðbót norðan núverandi smáíbúðarhverfis myndi þá haldast óbreyttir.
- Mótvægis aðgerðir vegna hrun og ofanflóðahættu lagðar til.
- Víkurbraut 21A fái viðunandi lóð.

Svar:

Nefndin telur ekki möguleika á að færa lóð nýrrar aðveitustöðvar Rarik innan skipulagssvæðis. Sjónræn áhrif hennar innan þess eru ekki talin veruleg. Nefndin treystir mati sérfræðinga Veðurstofu Íslands er varðar ofanflóðahættu innan svæðis. Ekki talið æskilegt að staðsetja slíka stofnæð rafveitu innan þorpsins að öllu leiti innan snjóflóðahættusvæðis C. Í samræmi við svör nefndarinnar eftir fyrri auglýsingu var lagt til að Mýrdælingi yrði boðin geymslulóð til úthlutar á hluta af grænu svæði vestan Víkurbrautar 21a. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að hún úthluti Víkurbrautar 21A stærri lóð í kringum sína starfsemi verði um það sótt. Þar verði sérstaklega horft til lóðar Víkurbrautar 21 eða svæðis vestan Víkurbraut 21A.

Samþykkt, EDP situr hjá við afgreiðslu sveitarstjórnar.

ÞS. mætir aftur til fundarins og SE viku af fundi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Athugasemdir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Í kafla 5, sérstakir skilmálar í greinargerð, skal koma fram að við atvinnuhúsnæði, hvort heldur sem er á verslunar- og þjónustusvæði eða athafnasvæði, skal koma fyrir viðeigandi mengunarvörnum á fráveitu frá viðkomandi húsnæði, þ.e. olúskilju og sandfangi í húsnæði og verkstæðum þar sem meðferð hver kyns olíu fer fram og fituskilju í matvælavinnslum og veitingastöðum.

Svar:

Nefndin telur ástæðu til að bregðast við athugasemd heilbrigðiseftirlits og leggur til að brugðist verði við henni innan greinargerðar.

Stefán Pálsson

Athugasemdir bárust frá Stefáni Pálssyni, Víkurbraut 32.

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Gerir athugasemd við að ekki sér gert grein fyrir aðkomu að Víkurbraut 32.
- Merkja þurfi bílastæði við bílskúr Víkurbraut 32.
- Telur að norðan húss Víkurbrautar 32 skuli afmarka frekari lóð með húsinu. Þar stendur gámur og þvottasnúrur meðfylgjandi húsinu.

Svar:

Nefndin telur að unnt sé að gera grein fyrir aðkomu að húsinu og að bætt verði merking bílastæðis við bílskúr hússins. Aðkoma Víkurbrautar 30b verður hinsvegar að vera norðan Víkurbraut 32 þar sem gert er ráð fyrir sameiginlegum bílastæðum þar vestan við þyrpinguna. Ekki er talin ástæða til að marka sérstaklega lóð utan um svæði í brekku norðan húss. Ólíklegt teljist að aðrir en eigandi Víkurbrautar 32 hafi hag af notkun svæðisins í samræmi við núverandi notkun þess.

Víkurbraut 15 og 15b, Ögmundur Ólafsson, Helga Halldórsdóttir og Brynjar Ögmundsson

Athugasemdir bárust frá Ögmundi Ólafssyni, Helgu Halldórsdóttir og Brynjari Ögmundssyni

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Telja að flutning Halldórsverslunar á lóðarmörk Víkurbrautar 15/15b þrengi verulegu að starfsemi fyrirtækis þeirra og aðstöðu þess að Víkurbrautar 15b. Þessi aðgerð rýri verðgildi eignar þeirra og möguleika á framtíðar nýtingu lóðarinnar Víkurbraut 15 og 15b sem er óskipt lóð.

Svar:

Nefndin telur ekki að ný staðsetning Halldórsverslunar skerði notkunarmöguleika húsa á lóð Víkurbraut 15/15a. Nefndin mælist þó til þess að endanleg staðsetning hússins innan lóðar verði valin í nánu samstarfi við aðliggjandi lóðir og þess verði sérstaklega gætt að ganga ekki á lóðarréttindi þeirra við staðsetningu hússins.

Víkurbraut 24A

Athugasemdir bárust frá Gunnar Sv. Friðrikssyni héraðsdómsslögmanni fh. Höttu fjárfestinga og Björn ehf.

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Viðkomandi breytingar á deiliskipulagi taldar valda skertu aðgengi að húsinu og nánast loka aðgengi að því.

Svar:

Nefndin telur ástæðu til að taka tillit til athugasemdar. Mælst er til þess að lóðarmörk á milli Víkurbrautar 24 og 24a til norðurs verði í samræmi við lóðarblað í vörslu sveitarfélagsins.

Víkurbraut 30

Athugasemdir bárust frá Inga Ingasyni fh. húseigendafélags Víkurbrautar 30.

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Gera athugasemd við legu lóðarmarka, sérstaklega við færslu lóðarmarka til norðurs og austari lóðarmarka til vestur til að stækka bílastæði milli Víkurbrautar 28 og 30.
- Óska eftir því að syðra bílastæði verði eyrnamerkt eigendum Sigurðarstaða til afnota í stað bílastæðið vestan við lóð Sigurðarstaða.
- Mælast til þess að sveitarfélagið komi á fundi milli lóðarhafa á svæðinu varðandi útsetningu lóða.

Svar:

Nefndin telur ekki ástæðu til að verða við athugasemdum er varðar bílastæði við Víkurbraut 30 í samr. við fyrri afgreiðslu nefndarinnar eftir fyrri auglýsingu. Nefndin leggur áherslu á að deiliskipulagsuppráttur er ekki hnitsett mæliblað og mælist því til þess að skipulags- og byggingarfulltrúi setji lóðir á svæðinu út í samstarfi við húseigendur svæðisins. Bílastæði, lóðarstærðir og aðkoma að lóðum skulu ávallt vera í samræmi við skipulag svæðisins.

Þorgerður Gísladóttir og Óðinn Gíslason. Þráinn Sigurðsson lýstir sig vanhæfan til að taka þátt í þessari afgreiðslu og vísar af fundi. Sigurjón Eyjólfsson tekur sæti á fundinum í hans stað.

Athugasemdir bárust vegna aðveitustöðvar Rarik og lóðarmarka Víkurbraut 21A Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Gera athugasemd við staðsetningu nýrrar aðveitustöðvar Rarik vestur í hrapi m.t.t. þess að iðnaður skuli vera víkjandi úr vesturhluta þorpsins.
- Gerð er athugasemd við hvernig hefur verið staðið að lóðarbreytingum fyrir Víkurbraut 21A þar sem talið er að þrengt sé verulega að rekstri Mýrdælings.

Svar:

Nefndin er sammála því að svæðið er í grennd við fallett útivistarsvæði sveitarfélagsins en stendur innan sama svæðis og iðnaðarhús Víkurbrautar 21A, og geymslur Víkurbraut 40-42 auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu bílskúra á þessu sama svæði. Aðveitustöð telst fyllilega uppfylla skilyrði skipulagsnefndar er varðar hömlur á frekari uppbyggingu iðnaðar á skipulagsvæði. Skilgreining á iðnaðarsvæði í aðalskipulagi er eftirfarandi: „fyrst og fremst er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpadælu og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir oliur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.“ Þar sem spennuvirki aðveitustöðvar verður innan hússins fellur framkvæmdin á engan hátt að þeirri lýsingu sem nær til iðnaðarsvæðis. Engin framleiðsla, mengun eða önnur umhverfisáhrif eru vegna hússins ef frá eru talin sjónræn áhrif. Nefndin telur að sjónræn áhrif hússins hafi ekki neikvæð áhrif á heildarmynd svæðisins, sérstaklega ef horft er til þess að spennuvirki sem nú stendur utandyra færir undir þak.

Lóð undir hús Víkurbrautar 21A er samkvæmt fasteignaskrá 1285 m². Lóð Víkurbrautar 21A er samkvæmt skipulagsupprátti 1457 m². Að auki hafði nefndin bókað eftir fyrri auglýsingu skipulags að Víkurbraut 21A fengi hluta svæðis vestan lóðar úthlutað fyrir geymslusvæði. Það er því ljóst að þvert á móti er svæðið í kringum Víkurbraut 21A rýmkað. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn hún úthluti Víkurbraut 21A stærri lóð í kringum sína starfsemi verði um það sótt. Þar verði sérstaklega horft til lóðar Víkurbrautar 21 eða svæðis vestan Víkurbraut 21A.

Samþykkt, Eva Dögg Þorsteinsdóttir greiðir atkvæði gegn þessari afgreiðslu nefndarinnar og óskar bókað: Ég tel að sveitarstjórn eigi að endurskoða fyrri ákvörðun sína í framhaldi af athugasemdum Óðins, Þorgerðar og Gísla Daníels um staðsetningu aðveitustöðvar Rarik það er t.a.m. réttmæt ábending að aðveitustöð eigi ekki heima á einu falletasta útivistarsvæði bæjarins.

Þ.s mætir aftur til fundarins og SE vísar af fundi.

Minjastofnun

Umsögn barst frá Minjaverði Suðurlands vegna skipulagsins

Engar athugasemd er gerð við deiliskipulagið en bent er á að ef áður óþekktar mannvistarleyfa finnast innan skipulagssvæðis skal ávalt hafa samráð við Minjastofnun vegna þessa.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar með framangerðum breytingum og samþykkir að tillagan verði send skipulagsstofnun til yfirferðar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir situr hjá við þessa afgreiðslu á deiliskipulaginu og telur að skoða þurfi betur einstaka þætti þess.

Fulltrúur B-lista framfarasinna lýsa furðu sinni á hjásetu Evu Daggar við lokaafgreiðslu á deiliskipulagi vesturhluta Víkurþorps. Skipulagið hefur verið langan tíma í vinnslu og skipulagsnefnd Mýrdalshrepps þ.m.t. fulltrúar M- listans hafa á öllum stigum verið sammála við skipulagsvinnuna. Það skýtur því skökku við að Eva Dögg fulltrúi M- listans skuli ekki styðja þetta stóra framfaraskref fyrir Víkurþorp sem deiliskipulagið er.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað: Það er mikilvægt að sveitarstjórnarfulltrúar séu tilbúnir til að endurskoða ákvarðarnir sínar með tilliti til athugasemda þeirra sem málið varðar annars er athugasemdaferlið yfirborðskennt verkfæri.

3. Austurhluti Víkurþorps – Deiliskipulag

Fyrir fundinum lá afgreiðsla skipulagsnefndar deiliskipulagi austurhluta Víkurþorps og í fylgiskjali merkt III, viðbrögð nefndarinnar við þeim athugasemdum sem bárust.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Athugasemdir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Í kafla 4, sérstakir skilmálar í greinargerð, skal koma fram að við atvinnuhúsnæði, hvort heldur sem er á verslunar- og þjónustusvæði eða athafnasvæði, skal koma fyrir viðeigandi mengunarvörnum á fráveitu frá viðkomandi húsnæði, þ.e. olíuskilju og sandfangi í húsnæði og verkstæðum þar sem meðferð hver kyns olíu fer fram og fituskilju í matvælavinnslum og veitingastöðum.

Svar:

Nefndin telur ástæðu til að bregðast við athugasemd heilbrigðiseftirlits og leggur til að brugðist verði við henni innan greinargerðar.

Vík milli vina

Athugasemd bárust frá rekstraraðilum tjaldsvæðis.

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Samráð hafi ekki verið nægjanlegt
- Óljóst hvaða starfsemi fari fram á svæðum V1 og V2
- Byggingarframkvæmdir á þessum svæðum geti haft slæm áhrif á rekstur tjaldsvæðis.
- Gerð krafa um hljóðvörn á milli tjaldsvæðis og atvinnustarfsemi á svæðinu

Svar:

Samráð við skipulagsgerðina hefur verið í samræmi við lög og reglugerðir. Að auki var haldinn sérstakur íbúafundur þar sem skipulagsmál voru kynnt. Umfram lögbundið kynningarferli hefur sveitarfélagið deilt öllum upplýsingum á heimasíðu sveitarfélagsins og á sérstakri facebook síðu fyrir skipulagsmál í Mýrdalshreppi þar sem allir hafa geta sent inn athugasemdir.

Starfsemi á svæðum V1 og V2 er skilgreind eins og hægt er í skipulagsskilmálum.

*Byggingarframkvæmdir hafa óhákvæmilega áhrif á næsta umhverfi.
Ekki er talin ástæða til að sett verði hljóðmön milli tjaldsvæðis og annarrar atvinnustarfsemi
enda um götu að ræða með takmörkuðum umferðarhraða.*

Undanfari og Steypudrangur

Athugasemdir bárust frá lóðarhöfum Smiðjuveggar 8 og 9

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Ósamræmi í texta milli deiliskipulags og aðalskipulags
- Veglína sunnan Smiðjuveggar 9
- Tillaga um að vegur verði aflagður milli Smiðjuveggar 8 og 9 og í stað þess gerður botnlangi að Smiðjuvegi 6-7 með tenginu við þjóðveg að vestan verðu.

Svar:

- *Nefndin fellst á að misræmi sé í texta milli aðalskipulags og greinargerðar deiliskipulags. Engin áform eru um að skerða starfsemi Steypudrangs, Steypustöðvarinnar og Undanfara á lóðum Smiðjuveggar 8 og 9.*
- *Engin breyting hefur verið gerð á gildandi skipulagi varðandi veg milli lóða Smiðjuveggar 8 og 9. Í samræmi við bókun skipulags og byggingarnefndar 2013 þegar sótt var um heimild til þess að girða af lóð þar sem sveitarfélagið tiltók notkunarrétt sinn á viðkomandi vegi.*
- *Gert er ráð fyrir tengingu að lóðum nr.6 og 7 við Smiðjuveg að austan, óljóst er um heimild til tengingar að vestanverður sunnan fyrirhugaðs hringtorgs.*

Olís. Þráinn Sigurðsson víkur af fundi undir þessum lið.

Athugasemdir bárust frá Olíuverslun Íslands

Neðangreind samantekt er útdráttur athugasemda.

- Athugasemd Olís er ábending um að Olíuverslun Íslands hafi haft og greitt af 3200 m² leigulóð við Austurveg 12 frá árinu 1971. Ósk er um að tekið verði tillit til þeirrar stöðu við gerð skipulagsins.

Svar:

Nefndin vísar ábendingunni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Athugasemdum Olíuverslunar Íslands vegna lóðar sem þeir hafa haft frá árinu 1971, hefur skipulagsnefndin vísaði til sveitarstjórnar til afgreiðslu. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Olís um lóð sem komið geti í stað þeirrar lóðar sem félagið keypti af eigendum Víkurjarða árið 1971.

Einnig felur sveitarstjórn sveitarstjóra að ganga formlega frá uppsögn sveitarfélagsins á leigulóðunum Austurvegi 16 og 16a, sem úthlutað var 1999 undir bílastæði, þar sem þær lóðir falla ekki að deiliskipulaginu. Gerður verði nýr lóðaleigusamningur við N1 um stækkun á þeirri lóð sem félagið hefur haft til umráða á sínu athafnasvæði í samræmi við tillögu deiliskipulagsins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar framangerðum breytingum og samþykkir að tillagan verði send skipulagsstofnun til yfirferðar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. ÞS mætir aftur til fundarins.

4. Skeiðflöt - Deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir Skeiðflöt. Í skipulaginu er gert ráð fyrir nýbyggingum vegna fjölgunar gistirýma, breytingu núverandi mannvirkja í þjónustu og gistirými og byggingu húsnæðis fyrir starfsmenn.

Samþykkt til auglýsingar í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/201. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

5. **Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028 – Lýsing aðalskipulagsbreytingar Norður-Foss.**
Gert er ráð fyrir því að breyta Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 á þann hátt að afmarka verslunar –og þjónustusvæði, þar sem gert er ráð fyrir gisti- og ferðaþjónustu á jörðinni Norður Foss. Stærð verslunar- og þjónustusvæðis er 4 ha.
Samþykkt til kynningar á heimasíðu sveitarfélagsins og í staðarblaði. Jafnframt skal leita umsagna viðeigandi aðila í samræmi við 30.gr. skipulagslaga nr.123/2010
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. **Bréf til Mýrdalshrepps frá Ferðafélagi Mýrdælinga dags. 27. maí 2016**
Óskað er eftir stuðningi við að ljúka við að koma húsi félagsins Deildarárskóla í gagnið.
Sveitarstjórn samþykkir að styrkja félagið með kr. 100.000 og jafnframt verði veittur styrkur fyrir álögðum fasteignagjöldum á næsta ári.
2. **Umsókn um rekstrarleyfi vegna heimagistingar að Bakkabraut 6.** Ingi Már Björnsson lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi.
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gerir ekki athugasemd við hluti hússins verði nýttur til heimagistingar, en fellst ekki á að allt íbúðarhúsið verði leigt út til ferðamanna, enda er heimagisting gisting á einkaheimili leigusala. Þá verði sýnt fram á að næg bílastæði séu við húsið fyrir þessa starfsemi og húsið merkt. Áður en sveitarfélagið afgreiðir framkomna umsögn er óskað eftir endurskoðaðri teikningu af húsinu þar sem greint verður frá aðstöðu íbúa í húsinu og nægum bílastæðum við húsin.
IMB mætir aftur til fundarins.
3. **Umsókn True Adventure um lóð undir íbúðarhús við Mánabraut 32.** Þráinn Sigurðsson vikur af fundi undir þessum lið.
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir lóðaúthlutunina og felur sveitarstjóra að ganga frá lóðaleigusamningi.
ÞS mætir aftur til fundarins.
4. **Umsókn um rekstrarleyfi í flokki V fyrir Puffin hótél Vík ehf. vegna Víkurbrautar 26**
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.
5. **Umsókn um rekstrarleyfi til reksturs gististaða í flokki II frá Puffin Hótél Vík ehf. vegna Víkurbrautar 16 og Bakkabrautar 12 og 12a.**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins, enda er um að ræða endurnýjun á rekstrarleyfi vegna eigendaskipta á húsum sem hafa haft rekstrarleyfi. Vakin er athygli á að rekstrarleyfin verða ekki endurnýjuð lengur en til 2022 skv. samþykkt í aðalskipulagi sveitarfélagsins.
6. **Umsókn um rekstrarleyfi í flokki II fyrir Puffin hótél Vík ehf. vegna Víkurbrautar 24a**
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.
7. **Minnisblað frá Sambandinu - Ábendingar til sveitarfélaga um fasteignaskatt o.fl. á mannvirki tengd ferðaþjónustu**
Lagt fram til upplýsinga
8. **Viðburðardagatal Mýrdalshrepps tillaga M-lista**
Sveitarstjórn samþykkir að fara þess á leit við Kötlusetur að í samstarfi við menningarmálanefnd, verði sett saman viðburðardagatal fyrir Mýrdalshrepp.

9. Ferðþjónusta íbúa Hjallatúns tillaga M-lista

Lagt er til að sveitarstjóri og forstöðumaður Hjallatúns kanni alla þá möguleika sem koma til greina varðandi ferðþjónustu fyrir íbúa Hjallatúns. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til gerðar fjárhagsáætlunar næsta árs.

10. Bréf til sveitarstjórnar frá Ungmennaráði Umf. Kötlum vegna skuggakosninga

10a. Reglugerð um skuggakosningar

Sveitarstjórn fagnar framkominni tillögu og felur sveitarstjóra að kynna málið fyrir kjörstjórn, setja saman kjörskrá ungmenna og að láta útbúa kjörseðla.

11. Erindi frá Margréti S. Jónsdóttur verður liður II- 11 á dagskránni.

Í erindinu er greint frá því að húseignin í Kerlingadal, sem nýtt er sem sambýli, sé í söluferli og er þess farið á leit við sveitarstjórn Mýrdalshrepps að skoðað verða að sveitarfélagið kaupi húsið til að tryggja núverandi starfsemi. Sveitarfélagið getur ekki orðið við erindinu.

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Minnisblað um fundi með menntamálaráðherra vegna heimvistar við FSU. Eiríkur Tryggvi Ástþórsson vék af fund.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sem hann ásamt sveitarstjóra Skaftárhrepps áttu með Illuga Gunnarssyni menntamálaráðherra, Ólafi Sigurðssyni starfsmanni ráðuneytisins, Olgu Lísu Garðarsdóttur skólameistara FSU og Þórarni Ingólfssyni aðstoðarskólameistara um málefni heimavistar við skólann.

Ljóst er að af hálfu ráðherra er ekki vilji til þess að ráðast í byggingu heimavistar við skólann og vandséð að hægt verði að útvega nemendum úr Vestur- Skaftafellssýslu húsnæði í vetur. Ræddur var sá möguleiki að taka upp fjarnám fyrir nemendur frá Vík og Klaustri og opnaði skólameistari á að sú leið yrði könnuð til hlítar ef vilji er til að skoða þá leið í heimabyggð.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps harmar það upplausnarástand sem er í heimavistarmálum FSU og krefst þess að nemendum úr Vestur- Skaftafellssýslu verði sköpuð viðunandi aðstaða til náms í FSU, enda hafa sveitarfélögin staðið að uppbyggingu þessa skóla til jafns við önnur sveitarfélög á Suðurlandi. Sveitarstjórn telur að tíminn til að koma á fjarnámi fyrir nemendur svæðisins nú í haust sé of skammur til að sá kostur sé raunhæfur, en lýsir sig reiðubúna til að skoða allar leiðir til framtíðar fyrir okkar nemendur. Sveitarstjórn óskar eftir því að forvarsmenn skólans mæti strax til fundar með foreldrum og nemendum og kynni þeim það sem í boði er fyrir nemendur skólans í haust.

2. Ársreikningur Hjallatúns fyrir árið 2015

Fram var lagður ársreikningur Hjallatúns fyrir síðasta ár. Rekstur Hjallatúns á síðasta ári var sérstaklega erfiður vegna manneklu og langtímaveikinda og þar meðfylgjandi mikilli yfirvinnu. Þá voru einnig gerðar launaleiðréttingar sem giltu frá maí 2015 sem höfðu mikinn kostnað í för með sér. En auk þess var bætt við starfshlutfalli í eldhúsi. Þá var nýtingin á heimilinu léleg seinni hluta ársins.

Rekstrartekjur ársins voru 147.155.041, en rekstrargjöld samtals 163.562.034. eða rekstrarhalli fyrir fjármunatekjur og gjöld samtals 16.562.993. Fjármagnskostnaður var samtals 962.364 og því rekstrarhalli kr. 17.369.375.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings er 3.136.193.

Enn eitt árið er rekstrarafkoma Hjallatúns algerlega óviðunandi. Lofað hefur verið í heilbrigðisráðuneytinu að rekstarstaða dvalar- og hjúkrunarheimila í landinu verði tekin til sérstakrar skoðunar, enn bólar þó ekkert á lagfæringu á þessari stöðu.

Að loknum umræðum undirritaði sveitarstjórn ársreikning Hjallatúns.

3. Kjör oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar

Fram kom tillaga um að Elín Einarsdóttir verði kjörinn oddviti og var hún samþykkt.
Fram kom tillaga um að Ingi Már Björnsson verði kjörinn varaoddviti til eins árs og var hún samþykkt.

4. Framlagning kjörskrár vegna forsetakosninga 25. júní n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna forsetakosninga 25. júní nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis

5. Leikskálar endurbætur og breytt notkun

Sveitarstjóri lagði fram hugmyndir að breyttri notkun á Félagsheimilinu Leikskálum. Í þeirri hugmynd er gert ráð fyrir því að koma fyrir í húsinu skrifstofu sveitarfélagsins, bókasafni hreppsins og góðum fundarsal sem einnig gæti nýst félagsamtökum og starfi eldri borgara í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til frekari skoðunar í áðurkosinni nefnd til að fjalla um framtíðarnotkun hússins.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Aðalfundargerð Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu 2016

Lagt fram til kynningar

2. Fundargerð 509. fundar stjórnar SASS frá 18. maí 2016

Lagt fram til kynningar

3. Fundargerð 35. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla og Vestur- Skaftafellssýslu frá 13. júní 2016.

Lagt fram til kynningar

4. Fundargerð 840. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2. júní 2016

Lagt fram til kynningar

5. Fundargerð stjórnar Hollvínasjóðs Hjallatúns frá 14. júní 2016

Lagt fram til kynningar

6. Ársreikningur Hollvínasjóðs Hjallatúns fyrir árið 2015

Lagt fram til kynningar

7. Fundargerð 19. fundar stjórnar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 31 maí 2016

Lagt fram til kynningar

8. Vorfundur Bergrisans bs. á Selfossi 31. maí 2016

Lagt fram til kynningar

V. Kynningarefni.

1. Bréf til sveitarstjóra félagsmálastjóra og forsvarsmanna þjónustusvæða vegna orlofsmála fatlaðs fólks

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20.00. Næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar er 18. ágúst.

Elín Einarsdóttir oddviti

Ingi Már Björnsson

Þráinn Sigurðsson

E. Tryggvi Ástþórsson

Eva Dögg Þorsteinsdóttir